

## Fréttatilkynning

14. desember 2018

### Áframhaldandi batnandi afkoma sveitarsjóðs

Alls eru tekjur sveitarsjóðs Langanesbyggðar eru áætlaðar um 945 m.kr. og gjöld rúmar 802 m.kr. á árinu 2019. Því er áætluð rekstrarniðurstaða, A og B-hluta og án fjármagnskostnaðar, jákvæð um 143 m.kr., sem nemur um 15% af tekjum. Þetta kemur fram í samþykktri fjárhagsáætlun Langanesbyggðar sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar, 13. desember sl.

Fjármagnskostnaður er áætlaður á næsta ári um 45,5 m.kr. sem nemur um 5% af áætluðum tekjum. Rekstrarniðurstöður með fjármagnsliðum verða því um 97,2 m.kr. eða 10% af tekjum.

Áætlað er að rekstrarniðurstöður A- og B-hluta 2018 verði jákvæðar, um 93,7 m.kr. á þessu ári, en þær voru 90,6 m.kr. árið 2017. Afkoma samstæðunnar heldur því áfram að batna.

Á næsta ári er gert ráð fyrir um 34,6 m.kr. hærri skatttekjum og um 20 m.kr. hækkun annarra tekna, en lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði. Launakostnaður hækkar um 12 m.kr., annar rekstrarkostnaður og afskriftir breytast lítið.

Þriggja ára áætlun 2020-2022 gerir ráð fyrir svipuðum rekstri og verður rekstrarniðurstaða jákvæð árið 2020 um 92,5 m.kr., rekstrarniðurstaða árið 2021 jákvæð um 96,2 m.kr. og rekstrarniðurstaða árið 2022 verður jákvæð um 106,9 m.kr.


Þótt skuldir hækki á næsta ári, úr um 619 m.kr. í lok þessa árs í um 689 m.kr. í lok næsta árs vegna framkvæmda við nýjan leikskóla, er gert ráð fyrir því að þær verði komnar niður í um 568 m.kr. í árslok 2022. Áætlað er að veltufjárhlutfall hækki úr 0,93 í 1,46 á tímabilinu og eiginfjárhlutfall úr 0,55 í 0,67.

Fram kom í máli sveitarstjóra, við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar, að allar framkvæmdir líðandi árs, tæpar 100 m.kr., hefðu verið fjármagnaðar með lausu fé sveitarfélagsins og að tveir þriðju þeirra fjárfestinga sem fyrirhugaðar væri á komandi ári yrðu sömuleiðis fjármagnaðar af lausu fé eða u.þ.b. 200 m.kr af 285 m.kr. fjárfestingu, gengi fjárhagsáætlun eftir.

*Sjá yfirlit um tekjur og gjöld og afkomu A-hluta og A- og B-hluta sveitarsjóðs á næstu síðu.*

*Hægt er að fá frekari upplýsingar hjá sveitarstjóra, Elíasi Péturssyni í síma 892-0989 eða í netfangið [elias@langanesbyggd.is](mailto:elias@langanesbyggd.is) sé þess óskað.*

Tekjur, gjöld og afkoma A-hluta sveitarsjóðs



Tekjur, gjöld og afkoma A og B - hluta sveitarsjóðs

